

Orkuveita Reykjavíkur
Samstæða
Samandreginn árshlutareikningur
1. janúar til 30. september 2014

Orkuveita Reykjavíkur
Bæjarhálsi 1
110 Reykjavík

Kt. 551298-3029

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	3
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Yfirlit um heildarafkomu	6
Efnahagsreikningur	7
Eiginfjárfirlit	8
Sjóðstreymisyfirlit	9
Skýringar	10

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Árshlutareikningur Orkuveitu Reykjavíkur fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2014 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 um árshlutareikninga. Árshlutareikningurinn hefur að geyma samandreginn samstæðureikning Orkuveitunnar og dótturfyrirtækja. Árshlutareikningur þessi hefur verið kannaður af óháðum endurskoðanda fyrirtækisins.

Hagnaður af rekstri Orkuveitu Reykjavíkur á tímabilinu nam 7.879 milljónum kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir samstæðunnar 291.013 milljónum kr. í lok tímabilsins. Eigið fé nam 90.499 milljónum kr. í lok tímabilsins og er eiginfjárlutfall samstæðunnar 31,1%.

Í upphafi ársins sem og í lok tímabilsins voru eigendur móðurfyrirtækisins þrír, en þeir eru:

	Eignarhluti
Reykjavíkurborg	93,539%
Akraneskaupstaður	5,528%
Borgarbyggð	0,933%

Uppskipting Orkuveitu Reykjavíkur 1. janúar 2014

Þann 1. janúar 2014 kom til framkvæmda það ákvæði raforkulaga sem gerir fyrirtækjum á þeim markaði skylt að skilja á milli sérleyfis- og samkeppnishluta starfseminnar. Um áramótin tók Orka náttúrunnar ohf., dótturfélag sem er alfaríð í eigu Orkuveitu Reykjavíkur, til starfa á samkeppnismarkaði raforku en félagið var stofnað til að uppfylla þetta lagaákvæði. Fleiri breytingar voru gerðar á samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur við þessa lögboðnu uppskiptingu. Mikilvægt var að gæta að því að traust lánveitenda á fyrirtækinu héldist, yfirfæranlegt tap yrði áfram nýtanleg og að fjárhagur einstakra eininga yrði nægilega traustur eftir uppskiptinguna.

Í tengslum við uppskiptinguna setti Alþingi fyrirtækinu ný heildarlög, nr. 136/2013. Þau endurspeglu ákvarðanir eigenda fyrirtækisins um kjarnastarfsemi þess um leið og ákvarðanir um stjórnhætti innan Orkuveitu Reykjavíkur eru í auknu mæli lagðar í hendur eigendanna sjálfra.

Til þess að uppskiptingin yrði áreiðanlega í samræmi við kröfu stjórnvalda án þess að neytendur biðu skaða af, ákváðu eigendur Orkuveitu Reykjavíkur að aðgreina sem skýrast mismunandi þætti rekstursins. Lögbundna þjónustan, vatns- og fráveita, verður starfrækt í sérstöku félagi, annar sérleyfisrekstur sérstaklega og samkeppnisþættirnir á sviði raforku og gagnaveitu í sjálfstæðum félögum sem eru í eigu Orkuveitu Reykjavíkur.

Þungamiðja reksturs Orkuveitu Reykjavíkur er og verður veitupjónustan. Hún verður áfram rekin undir merkjum Orkuveitu Reykjavíkur, bæði þau lögbundnu skylduverkefni sveitarfélaga sem vatns- og fráveita eru og sérleyfisþjónusta rafmagns- og hitaveitu.

Í móðurfyrirtæki breyttrar samstæðu, Orkuveitu Reykjavíkur, verður sameiginleg stoðþjónusta við dótturfélög, s.s. fjármál, gæða-, umhverfis- og öryggismál auk sameiginlegs þjónustusviðs.

Yfirlýsing stjórnar

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur og forstjóra er samandreginn árshlutareikningur samstæðunnar í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga. Að álitum stjórnar og forstjóra gefur árshlutareikningurinn glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 30. september 2014 og rekstrarafkomu samstæðunnar sem og breytingu á handbæru fé á tímabilinu og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem samstæðan býr við.

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur og forstjóri staðfesta hér með árshlutareikning samstæðunnar fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2014.

Reykjavík, 24. nóvember 2014.

Í stjórn fyrirtækisins:

Haraldur Flosi Tryggvason

Brynhildur Davíðsdóttir

Páll Gestsson

Valdís Eyjólfsson

Kjartan Magnússon

Áslaug Friðriksdóttir

Forstjóri:

Bjarni Bjarnason

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eigenda Orkuveitu Reykjavíkur.

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn samstæðuárshlutareikning Orkuveitu Reykjavíkur fyrir tímabilið 1. janúar til 30. september 2014, sem hefur að geyma rekstrarreikning og yfirliti um heildarafkomu, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórn og forstjóri fyrirtækisins eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan staðal um árshlutareikninga, IAS 34. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árshlutareikninginn og er byggð á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410 um *Könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum*. Könnun árshlutareiknings felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar endurskoðunaraðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit á árshlutareikningnum.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til þess að meðfylgjandi samandreginn samstæðuárshlutareikningur sé ekki í öllum meginatriðum í samræmi við IAS 34 „Árshlutareikningar“.

Reykjavík, 24. nóvember 2014.

KPMG ehf.

Kristrún H. Ingólfssdóttir

Guðný Helga Guðmundsdóttir

Rekstrarreikningur

1. janúar til 30. september 2014

	Skýr.	2014 1.7.-30.9.	2013 1.7.-30.9.	2014 1.1.-30.9.	2013 1.1.-30.9.
Rekstrartekjur		9.165.802	8.691.821	27.991.521	28.802.846
Söluhagnaður		75.944	3.376	75.944	3.376
Rekstrartekjur samtals		9.241.746	8.695.196	28.067.465	28.806.221
Orkukaup		(1.051.214)	(1.233.158)	(3.663.383)	(3.901.654)
Laun og launatengd gjöld	4	(920.164)	(791.776)	(2.956.615)	(2.713.092)
Annar rekstrarkostnaður		(1.359.519)	(1.089.552)	(3.681.757)	(3.179.030)
Rekstrarkostnaður samtals		(3.330.896)	(3.114.486)	(10.301.755)	(9.793.776)
Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA)		5.910.850	5.580.710	17.765.711	19.012.445
Afskriftir	5	(2.178.699)	(1.754.510)	(6.509.983)	(6.250.525)
Rekstrarhagnaður (EBIT)		3.732.151	3.826.200	11.255.727	12.761.920
Vaxtatekjur		186.683	39.799	440.818	128.911
Vaxtagjöld		(1.281.639)	(1.432.832)	(3.904.372)	(4.724.662)
Aðrar tekjur (gjöld) af fjáreignum og fjárskuldum		2.280.666	749.914	2.342.079	(1.571.834)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	6	1.185.710	(643.119)	(1.121.475)	(6.167.585)
Áhrif hlutdeildarféлага		1.720	(2.309)	1.720	(2.309)
Hagnaður fyrir tekjuskatt		4.919.581	3.180.772	10.135.972	6.592.026
Tekjuskattur	7	(871.155)	(945.056)	(2.256.530)	(619.949)
Hagnaður tímabilsins		4.048.426	2.235.716	7.879.442	5.972.077

Yfirlit um heildarafkomu

1. janúar til 30. september 2014

	skýr.	2014 1.1.-30.9.	2013 1.1.-30.9.
Hagnaður tímabilsins		7.879.442	5.972.077
Tekjur og gjöld sem færð eru beint á eigið fé			
Liðir færðir beint á eigið fé sem munu ekki vera færðir síðar í rekstrarreikning			
Sérstakt endurmat, lækkun		0	(4.000.000)
Tekjuskattur af endurmati		0	1.440.000
		0	(2.560.000)
Liðir færðir beint á eigið fé sem gætu verið færðir síðar í rekstrarreikning			
Gangvirðisbreytingar fjáreigna til sölu		(542.248)	364.000
Þýðingarmunur	14	2.192.445	0
		1.650.197	364.000
Tekjur og gjöld færð beint á eigið fé, eftir skatta		1.650.197	(2.196.000)
Heildarafkoma tímabilsins		9.529.639	3.776.077

Efnahagsreikningur 30. september 2014

	Skýr.	30.9. 2014	31.12. 2013
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	8	253.900.436	251.400.707
Óefnislegar eignir	9	1.284.880	1.242.808
Eignarhlutar í hlutdeildarfélögum		59.237	57.517
Eignarhlutar í öðrum félögum		2.235.303	3.734.550
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum	10	760.808	965.916
Áhættuvarnarsamningar		609.534	1.127.246
Aðrar fjáreignir		8.353.691	7.502.804
Tekjuskattseign	11	1.653.036	1.646.049
Fastafjármunir samtals		<u>268.856.925</u>	<u>267.677.597</u>
Birgðir		374.152	367.347
Viðskiptakröfur	12	4.283.688	5.579.218
Áhættuvarnarsamningar		97.780	232.031
Aðrar skammtímakröfur		795.332	257.795
Bundnar innstæður	13	5.000.144	0
Handbært fé	13	11.605.026	8.993.410
Veltufjármunir samtals		<u>22.156.122</u>	<u>15.429.801</u>
Eignir samtals		<u><u>291.013.047</u></u>	<u><u>283.107.398</u></u>
	Skýr.	30.9. 2014	31.12. 2013
Eigið fé			
Endurmatsreikningur varanlegra rekstrarfjármuna		64.707.529	66.354.727
Gangvirðisreikningur		1.760.000	2.302.248
Þýðingarmunur		2.192.445	0
Óráðstafað eigið fé		21.838.762	12.312.122
Eigið fé samtals	14	<u>90.498.735</u>	<u>80.969.097</u>
Skuldir			
Vaxtaberandi skuldir	15	171.527.545	175.319.931
Lífeyrisskuldbinding		518.312	492.925
Áhættuvarnarsamningar		1.344.151	80.847
Tekjuskattsskuldbinding	11	2.284.883	0
Langtímaskuldir samtals		<u>175.674.891</u>	<u>175.893.703</u>
Viðskiptaskuldir		1.385.388	1.988.525
Vaxtaberandi skuldir	15	16.412.277	19.619.524
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum	10	176.542	548.176
Áhættuvarnarsamningar		1.409.753	1.390.870
Fyrirframinnheimtar tekjur	12	1.833.724	0
Aðrar skammtímaskuldir		3.621.737	2.697.502
Skammtímaskuldir samtals		<u>24.839.421</u>	<u>26.244.598</u>
Skuldir samtals		<u><u>200.514.312</u></u>	<u><u>202.138.301</u></u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>291.013.047</u></u>	<u><u>283.107.398</u></u>

Eiginfjáryfirlit

1. janúar til 30. september 2014

	Endurmats- reikningur rekstrarfjármuna	Gangvirðis- reikningur	Þýðingar- munur	Óráðstafað eigið fé	Hlutdeild minnihluta	Samtals eigið fé
1.1.-30.9. 2014						
Eigið fé 1. janúar 2014	66.354.727	2.302.248	0	12.312.122	0	80.969.097
Gangvirðisbreytingar fjáreigna til sölu ...		(542.248)				(542.248)
Þýðingarmunur			2.192.445			2.192.445
Hagnaður tímabilsins				7.879.442	0	7.879.442
Heildarafkoma	0	(542.248)	2.192.445	7.879.442	0	9.529.639
Innlausn endurmats vegna afskrifta	(1.647.198)			1.647.198		0
Eigið fé 30. september 2014	64.707.529	1.760.000	2.192.445	21.838.762	0	90.498.735

1.1.-30.9. 2013

Eigið fé 1. janúar 2013	51.791.161	1.760.000	0	7.092.309	4.353	60.647.822
Sérstakt endurmat, lækkun	(4.000.000)					(4.000.000)
Tekjuskattsáhrif af endurmati	1.440.000					1.440.000
Gangvirðisbreytingar fjáreigna til sölu ...		364.000				364.000
Hagnaður tímabilsins				5.972.079	0	5.972.079
Heildarafkoma	(2.560.000)	364.000	0	5.972.079	0	3.776.079
Innlausn endurmats vegna afskrifta	(1.363.433)			1.363.433		0
Aðrar breytingar					(4.353)	(4.353)
Eigið fé 30. september 2013	47.867.728	2.124.000	0	14.427.820	(0)	64.419.548

Sjððstreymisýfirlit

1. janúar til 30. september 2014

		2014	2013
	Skýr.	1.1.-30.9.	1.1.-30.9.
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður tímabilsins		7.879.442	5.972.077
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		1.121.475	6.167.585
Aðrir rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi		8.791.901	6.876.039
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum		2.939.029	1.361.450
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		20.731.846	20.377.151
Innborgaðar vaxtatekjur		442.379	176.182
Greidd vaxtagjöld	(3.419.946)	(3.448.219)
Mótttekinn arður		0	53.659
Greiðslur vegna annarra fjármunatekna og fjármagnsgjalda		130.618	(224.425)
Handbært fé frá rekstri		17.884.898	16.934.348
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	(3.471.085)	(2.158.152)
Fjárfesting í óefnislegum eignum	(94.404)	(37.853)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		0	958.867
Sala á eignarhlutum í dótturfélögum		0	(10.833)
Söluverð eignarhluta í HS Veitum		1.499.248	6.529
Fjárfesting í bundnum innlánum	(5.000.144)	0
Söluverð og afborganir annarra fjáreigna		386	5.986
Fjárfestingarhreyfingar	(7.066.000)	(1.235.456)
Fjármögnunarhreyfingar			
Tekin ný langtímalán		5.700.000	3.080.750
Afborganir langtímaskulda	(12.754.506)	(17.894.244)
Lán frá eigendum		0	4.000.000
Lánalínur, breyting		0	(2.500.000)
Skammtímalán, lækkun	(1.158.737)	(167.190)
Fjármögnunarhreyfingar	(8.213.242)	(13.480.684)
Hækkun á handbæru fé		2.605.655	2.218.208
Handbært fé í ársbyrjun		8.993.410	6.885.693
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé		5.960	(1.010.982)
Handbært fé í lok tímabilsins	13	11.605.026	8.092.919
Fjárfesting og fjármögnun án greiðsluáhrifa			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	(191.919)	(83.775)
Skammtímaskuldir, breyting		191.919	83.775
Aðrar upplýsingar			
Veltufé frá rekstri		12.676.954	14.972.918

Skýringar

1. Fyrirtækið

Orkuveita Reykjavíkur (OR) er sameignarfyrirtæki sem starfar á grundvelli laga nr. 136/2013 um stofnun sameignarfyrirtækis um Orkuveitu Reykjavíkur. Fyrirtækið er með höfuðstöðvar að Bæjarhálsi 1 í Reykjavík. Samstæðureikningur fyrirtækisins geymir árshlutareikning móðurfyrirtækisins og dótturfyrirtækja þess, (sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar“) og hlutdeild í hlutdeildarfélögum. Samstæðuárshlutareikningur Orkuveitu Reykjavíkur er hluti af samstæðuárshlutareikningi Reykjavíkurborgar.

Orkuveita Reykjavíkur er sjálfstætt þjónustufyrirtæki sem rekur orkuver, rafveitu, hitaveitu, vatnsveitu, fráveitu og gagnaveitu.

2. Grundvöllur reikningsskilanna

a. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, *árshlutareikningsskil*. Samandreginn árshlutareikningur Orkuveitu Reykjavíkur inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2013. Hægt er að nálgast ársreikninginn hjá fyrirtækinu eða á vef þess www.or.is, sem og á vef Kauphallar Íslands; www.nasdaqomxnordic.com.

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings fyrirtækisins fyrir árið 2013. Í byrjun árs tóku gildi þrjú nýir staðlar. IFRS 10 *Samstæðureikningsskil*, IFRS 11 *Samrekstur* og IFRS 12 *Skýringar um hagsmuni í öðrum félögum*. IFRS 10 endurskilgreinir hugtakið yfirráð og inniheldur nýjar reglur til grundvallar mati á því hvort yfirráð eru til staðar eða ekki. IFRS 11 setur fram meginreglur um reikningsskil félaga sem eiga í samrekstri. IFRS 12 setur fram kröfur um upplýsingar í skýringum sem gera lesendum reikningsskila kleift að meta eðli og áhættu sem fólgin er í því að eiga hagsmuni í öðrum félögum og áhrif þess á rekstur, efnahag og sjóðstreymi. Samhliða innleiðingu á þessum nýju stöðlum voru breytingar á IAS 27, *Aðgreind reikningsskil* og IAS 28, *Fjárfestingar í hlutdeildarfélögum* einnig innleiddar. Innleiðing staðlanna hefur óveruleg áhrif á framsetningu, matsaðferðir og skýringar í árshlutareikningi fyrirtækisins.

Stjórn staðfesti og heimilaði birtingu árshlutareikningsins 24. nóvember 2014.

b. Matsaðferðir

Reikningsskil samstæðunnar byggja á upphaflegu kostnaðarverði, að því undanskildu að:

- hluti varanlegra rekstrarfjármuna hafa verið endurmetnir til gangvirðis
- innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum eru færðar á gangvirði
- eignarhlutar í öðrum félögum eru metnir til gangvirðis
- aðrar fjáreignir og fjárskuldir eru færð á gangvirði

c. Starfrækslu- og framsetningargjaldmiðill

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill fyrirtækisins. Allar fjárhæðir eru birtar í þúsundum króna nema annað sé tekið fram.

Skýringar

2. Grundvöllur reikningsskilanna, frh.

d. Erlendir gjaldmiðlar

i) Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð í starfrækslugjaldmiðla einstakra samstæðufélaga á gengi viðskiptadags. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar á gengi uppgjörsdags. Aðrar eignir og skuldir sem færðar eru á gangvirði í erlendri mynt eru færðar á gengi þess dags er gangvirði var ákveðið. Gengismunur vegna viðskipta í erlendum gjaldmiðlum er færður í rekstrarreikning.

ii) Dótturfélag með annan starfrækslugjaldmiðil en íslenska krónu

Eignir og skuldir starfsemi félaga samstæðunnar sem hafa bandaríska dollara (USD) sem starfrækslugjaldmiðil eru umreiknaðar í íslenskar krónur (ISK) miðað við gengi uppgjörsdags. Tekjur og gjöld þessarar starfsemi eru umreiknuð í ISK á meðalgengi tímabilsins. Gengismunur sem myndast við yfirfærslu í ISK er færður á sérstakan lið í yfirliti um heildarafkomu. Þegar starfsemi með annan starfrækslugjaldmiðil en íslenska krónu er seld, að hluta til eða öllu leyti, er tengdur gengismunur fluttur í rekstrarreikning.

e. Mat og ályktanir við beitingu reikningsskilaaðferða

Gerð árshlutareiknings í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að vera frábrugðnar þessu mati.

Mat og forsendur þess eru endurskoðaðar reglulega. Áhrifin af breytingum eru færð á því tímabili sem breyting er gerð og jafnframt á síðari tímabilum ef breytingin hefur áhrif á þau.

Upplýsingar um mikilvæg atriði, þar sem óvissa í mati og mikilvægi ákvarðana varðandi reikningsskilaaðferðir hefur mest áhrif á skráðar fjárhæðir í reikningsskilunum, er að finna í eftirfarandi skýringum:

- skýring 8 - varanlegir rekstrarfjármunir (endurmat dreifi- og framleiðslukerfis og mat á virðisrýnun)
- skýring 10 - innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum (mat forsenda við útreikning gangvirðis)
- skýring 11 - tekjuskattseign og tekjuskattsskuldbinding (mat á skattalegum framtíðarhagnaði á móti yfirfæranlegu tapi)
- skýring 17 - markaðsáhætta

Skýringar

3. Starfspáttayfirlit, frh.,

Starfspáttaupplýsingar eru birtar eftir innri upplýsingagjöf fyrirtækisins. Vegna uppskiptingar fyrirtækisins 1. janúar 2014 er breyting á innri upplýsingagjöf milli samanburðartímabila og eru þau því ekki að öllu leiti samanburðarhæf. Starfspáttir sem eru birt vegna núverandi uppgjörstímabils eru *Veitur*, sem samanstanda af veiterekstri samstæðunnar í heitu og köldu vatni, dreifingu rafmagns og fráveitu, *Virkjanir og sala* vegna samkeppnisreksturs við framleiðslu rafmagns og heits vatns auk *Annarrar starfsemi* sem sýnir rekstur móðurfyrirtækisins og gagnaveitunnar.

Rekstrarstarfspáttir - svið

1.1.-30.9. 2014

	Veitur	Virkjanir og sala	Önnur starfsemi	Jöfnunar- færslur	Samtals
Tekjur frá þriðja aðila	18.065.947	8.660.140	1.341.378	0	28.067.465
Tekjur innan samstæðu	1.508.938	2.122.703	2.947.638	(6.579.279)	0
Tekjur starfspátta	19.574.885	10.782.843	4.289.016	(6.579.279)	28.067.465
Rekstrargjöld starfspátta	(8.154.383)	(4.517.351)	(4.209.300)	6.579.279	(10.301.755)
Rekstrarhagnaður starfspátta, EBITDA	11.420.502	6.265.492	79.716	0	17.765.711
Afskriftir og virðisrýrnun	(3.565.927)	(2.374.609)	(569.447)	0	(6.509.983)
Afkoma starfspátta, EBIT	7.854.575	3.890.883	(489.731)	0	11.255.727

1.1.-30.9. 2013

Tekjur frá þriðja aðila	19.050.819	9.387.170	368.232	0	28.806.221
Tekjur milli starfspátta	175.720	1.892.520	121.214	(2.189.454)	0
Tekjur samtals	19.226.539	11.279.690	489.446	(2.189.454)	28.806.221
Rekstrarhagnaður (-tap) starfspátta	10.312.505	4.335.879	(2.496)	0	14.645.888
Óskipt rekstrargjöld					(1.883.967)
Rekstrarhagnaður					12.761.921
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld					(6.167.584)
Áhrif hlutdeildarféлага					(2.309)
Tekjuskattur					(619.949)
Hagnaður tímabilsins					5.972.079

Skýringar

4. Laun og launatengd gjöld

	2014 1.1.-30.9.	2013 1.1.-30.9.
Laun	2.529.347	2.338.423
Mótframlag í iðgjaldatengda lífeyrissjóði	337.325	312.247
Breyting lífeyrisskuldbindingar	40.972	23.868
Önnur launatengd gjöld	266.572	247.731
Gjaldfærð laun og launatengd gjöld vegna flýttara starfsloka og uppsagna	0	53.947
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>3.174.217</u>	<u>2.976.216</u>
Laun og launatengd gjöld eru þannig færð í rekstrarreikninginn:		
Gjaldfært í rekstrarreikningi	2.956.615	2.713.092
Eignfært á framkvæmdir	217.602	263.124
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>3.174.217</u>	<u>2.976.216</u>

5. Afskriftir

	2014 1.1.-30.9.	2013 1.1.-30.9.
Afskriftir rekstrarfjármuna, sbr. skýringu 8	6.457.652	6.303.547
Afskriftir óefnislegra eigna, sbr. skýringu 9	52.332	(53.022)
Afskriftir færðar í rekstrarreikning	<u>6.509.983</u>	<u>6.250.525</u>

6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

	2014 1.1.-30.9.	2013 1.1.-30.9.
Vaxtatekjur	440.818	128.911
Vaxtagjöld	(3.356.157)	(4.072.277)
Ábyrgðargjald til eigenda 1)	(548.216)	(652.385)
Vaxtagjöld samtals	<u>(3.904.372)</u>	<u>(4.724.662)</u>
Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum	166.526	(10.155.984)
Gangvirðisbreytingar fjáreigna til sölu	542.248	0
Gangvirðisbreytingar fjáreigna og fjárskulda í gegnum rekstur	851.081	(1.621.833)
Áhættuvarnarsamningar	(3.449.634)	(684.020)
Gengismunur	4.231.849	10.836.333
Arðstekjur	10	53.671
Aðrar tekjur (gjöld) af fjáreignum og fjárskuldum samtals	<u>2.342.079</u>	<u>(1.571.834)</u>
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	<u>(1.121.475)</u>	<u>(6.167.585)</u>

1) Orkuveitan greiddi ábyrgðargjald til núverandi og fyrrverandi eigenda fyrirtækisins vegna ábyrgða sem þeir hafa veitt á skuldir samstæðunnar samkvæmt ákvörðun aðalfundar Orkuveitunnar árið 2005. Gjaldið er á ársgrunni, 0,375% á lán vegna sérleyfisstarfsemi og 0,52% á lán vegna samkeppnisstarfsemi.

Gangvirðisbreytingar í gegnum rekstur

Við mat á gangvirði óskráðra fjáreigna og fjárskulda er beitt viðurkenndum verðmatsaðferðum sem er lýst í skýringu 4 í ársreikningi fyrirtækisins fyrir árið 2013. Gangvirðisbreyting sem færð er til tekna í rekstrarreikningi vegna þessa nemur samtals 1.560 milljónum kr. (1.1.-30.9 2013: gjaldfærsla 11.778 milljónir kr.)

Skýringar

7. Tekjuskattur

Orkuveita Reykjavíkur er tekjuskattsskyld vegna ákveðinna hluta starfsemi sinnar í samræmi við 2. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt. Sá hluti starfsemi fyrirtækisins er lýtur að rekstri vatnsveitu og fráveitu er undanskilinn tekjuskatti.

Tekjuskattur færður í rekstrarreikning greinist þannig:

	2014	2013
	1.1.-30.9.	1.1.-30.9.
Breyting á frestuðum tekjuskatti	2.256.530	619.949
Gjaldfærður tekjuskattur	<u>2.256.530</u>	<u>619.949</u>

Virkt skatthlutfall greinist þannig:

	2014		2013	
	1.1.-30.9.		1.1.-30.9.	
Hagnaður tímabilsins fyrir tekjuskatt	<u>10.135.972</u>		<u>6.592.027</u>	
Tekjuskattur skv. gildandi skatthlutfalli	36,0%	3.648.950	36,0%	2.373.130
Leiðrétting áætlaðra skatta við uppskiptingu				
fyrirtækisins 1.1. 2014	2,3%	234.512	0,0%	0
Óskattskyld starfsemi vatnsveitu og fráveitu	(5,8%)	(592.143)	(25,5%)	(1.682.419)
Áhrif annarra skatthlutfalla	(7,3%)	(736.960)	(1,6%)	(105.111)
Gangvirðisbreytingar fjáreigna til sölu	(1,9%)	(195.209)	0,0%	0
Áhrif gengismunar vegna				
skattskila í öðrum gjaldmiðlum	0,6%	65.257	0,0%	0
Aðrir liðir	(1,7%)	(167.877)	0,5%	34.348
Virkur tekjuskattur	<u>22,3%</u>	<u>2.256.530</u>	<u>9,4%</u>	<u>619.949</u>

Skýringar

8. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

1.1.-30.9. 2014	Framleiðslu-kerfi	Veitu-kerfi	Aðrar fasteignir	Aðrir lausa-fjármunir	Samtals
Heildarverð					
Staða í ársbyrjun	204.016.107	239.007.474	2.084.402	1.496.288,866	446.604.272
Endurflokkun eigna	(778.623)	(6.751)	(501.154)	(148.954)	(1.435.482)
Viðbætur á tímabilinu	911.916	1.990.454	0	252.127	3.154.496
Viðbætur eigna í byggingu	354.693	0	0	0	354.693
Þýðingarmunur	7.479.852		645	1.219	7.481.715
Selt og aflagt á tímabilinu	0	(49.719)	(17.102)	(21.401)	(88.222)
Staða í lok tímabilsins	211.983.945	240.941.458	1.566.791	1.579.279	456.071.472
Afskriftir					
Staða í ársbyrjun	70.133.607	123.229.790	915.419	924.750	195.203.566
Endurflokkun eigna	(778.854)	(6.494)	(501.209)	(148.925)	(1.435.482)
Afskrifað á tímabilinu	3.331.677	3.009.042	9.433	107.499	6.457.652
Þýðingarmunur	2.006.426	0	213	790	2.007.429
Selt og aflagt á tímabilinu		(27.526)	(16.418)	(18.185)	(62.128)
Staða í lok tímabilsins	74.692.857	126.204.812	407.438	865.930	202.171.037
Bókfært verð					
Bókfært verð 1.1. 2014.....	133.882.500	115.777.684	1.168.983	571.538	251.400.706
Bókfært verð 30.9. 2014.....	137.291.088	114.736.646	1.159.353	713.349	253.900.436
Þar af eignir í byggingu í lok tímabilsins	7.561.474	1.699.028	0	0	9.260.502
1.1.-31.12. 2013					
Heildarverð					
Staða í ársbyrjun	198.231.387	223.774.810	2.083.533	1.244.289	425.334.019
Viðbætur á árinu	808.728	2.394.477	870	235.945	3.440.021
Viðbætur eigna í byggingu	4.940	44.744	0	0	49.684
Selt og aflagt á árinu	0	0	0	16.054	16.054
Sérstakt endurmat, hækkun	9.044.863	12.793.442	0	0	21.838.305
Sérstakt endurmat, lækkun	(4.073.811)	0	0	0	(4.073.811)
Staða í árslok	204.016.107	239.007.474	2.084.402	1.496.289	446.604.272
Afskriftir					
Staða í ársbyrjun	64.424.583	113.110.231	881.295	806.447	179.222.557
Endurflokkun	0	0	17.836	0	17.836
Afskrifað á árinu	4.904.854	3.842.117	16.288	133.257	8.896.515
Selt og aflagt á árinu	0	0	0	(14.954)	(14.954)
Sérstakt endurmat, hækkun	877.981	6.277.442	0	0	7.155.423
Sérstakt endurmat, lækkun	(73.811)	0	0	0	(73.811)
Staða í árslok	70.133.607	123.229.790	915.419	924.750	195.203.566
Bókfært verð					
Bókfært verð 1.1. 2013.....	133.806.804	110.664.579	1.202.237	437.842	246.111.462
Bókfært verð 31.12. 2013.....	133.882.500	115.777.684	1.168.983	571.538	251.400.706
Þar af eignir í byggingu í árslok	6.949.212	1.599.762	0	0	8.548.975

Skýringar

8. Varanlegir rekstrarfjármunir, frh.

Skuldbindingar

Orkuveitan á samning um kaup á tveim 45MW vélasamstæðum til virkjanaframkvæmda. Samkvæmt samningnum þarf Orkuveitan að staðfesta kaup vélasamstæðanna fyrir 1. júní 2016, að öðrum kosti á Orkuveitan á hættu að samningnum verði rift. Eftirstöðvar samningsins er um 6,9 milljarðar kr. (31.12.2013: 7,0 milljarðar kr.) Kostnaður, komi til riftunar samningsins, yrði óverulegur.

Fyrirtækið hefur að auki gert innkaupa- og verksamninga vegna framkvæmda við framleiðslu- og dreifikerfi. Eftirstöðvar þessara samninga í lok tímabilsins eru áætlaðar 1,2 milljarðar kr. (31.12.2013: 1,2 milljarðar kr.).

Sérstakt endurmat

Gangvirði eigna er metið með reglubundnum hætti og endurmat fært þegar það hefur vikið verulega frá bókfærðu verði, til hækkunar eða lækkunar.

Við endurmat eru viðkomandi eignaflokkar metnir til gangvirðis. Endurmatið er fært á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár að teknu tilliti til áhrifa á frestaðan tekjuskatt samanber skýringu 3.d. í ársreikningi fyrirtækisins fyrir árið 2013.

Virðisrýrnunarpróf eru að jafnaði framkvæmd árlega, en í hverju uppgjöri er kannað hvort vísbendingar séu um virðisrýrnun með tilliti til breytinga á helstu forsendum frá því síðasta virðisrýrnunarpróf var framkvæmt. Í lok september 2014 voru ekki vísbendingar um virðisrýrnun á bókfærðu verði varanlegra rekstrarfjármuna. Nánar er fjallað um virðisrýrnunarpróf í skýringum 3.h. og 12 í ársreikningi fyrirtækisins fyrir árið 2013.

Endurmat var síðast fært í viðkomandi eignaflokkum samkvæmt eftirfarandi töflu:

	Rafmagn	Heitt vatn	Kalt vatn	Fráveita	Gagnaflutningur
Dreifikerfi	31.12.2013	31.12.2013	31.12.2013	31.12.2013	30.9.2010
Framleiðslukerfi	30.6.2013	31.12.2013	31.12.2013	-	-

Skýringar

9. Óefnislegar eignir

1.1.-30.9. 2014	Hita- réttindi	Hugbúnaður	Samtals
Heildarverð			
Staða í ársbyrjun	1.427.031	1.408.638	2.835.669
Viðbætur á tímabilinu	0	94.404	94.404
Staða í lok tímabilsins	1.427.031	1.503.041	2.930.072
Afskriftir			
Staða í ársbyrjun	448.281	1.144.579	1.592.860
Afskrifað á tímabilinu	9.488	42.844	52.332
Staða í lok tímabilsins	457.768	1.187.423	1.645.192
Bókfært verð			
Bókfært verð 1.1. 2014	978.750	264.058	1.242.808
Bókfært verð 30.9. 2014	969.263	315.618	1.284.880
1.1.-31.12. 2013			
Heildarverð			
Staða í ársbyrjun	1.427.031	1.371.816	2.798.847
Viðbætur á árinu	0	70.795	70.795
Selt og aflagt á árinu	0	(33.974)	(33.974)
Staða í árslok	1.427.031	1.408.638	2.835.669
Afskriftir			
Staða í ársbyrjun	503.524	1.076.343	1.579.867
Endurflokkun eigna	0	(17.836)	(17.836)
Afskrifað á árinu	(55.243)	86.073	30.829
Staða í árslok	448.281	1.144.579	1.592.860
Bókfært verð			
Bókfært verð 1.1. 2013	923.507	295.474	1.218.980
Bókfært verð 31.12. 2013	978.750	264.058	1.242.807

10. Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum

Gangvirði innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum greinist þannig:	30.9. 2014	31.12. 2013
Gangvirði innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum í ársbyrjun	417.739	14.738.660
Breyting á gangvirði á tímabilinu	166.526	(14.320.921)
	584.266	417.739
Skipting raforkusölusamninganna er eftirfarandi:		
Langtímahluti innbyggðra afleiða	760.808	965.916
Skammttímahluti innbyggðra afleiða	(176.542)	(548.176)
	584.266	417.740

Frekari umfjöllun um innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum má finna í skýringu 17 c.

Skýringar

11. Tekjuskattseign og tekjuskattsskuldbinding

1.1.-30.9. 2014	Skatteign	Skattskuld	Nettó
Tekjuskattseign/-skuld í ársbyrjun	1.646.049	0	1.646.049
Vegna uppskiptingar fyrirtækisins 1.1. 2014	1.391.168	1.391.168	0
Reiknaður tekjuskattur tímabilsins	(1.384.181)	872.349	(2.256.530)
Aðrar breytingar	0	21.365	(21.365)
Tekjuskattseign/-skuld í lok tímabilsins	1.653.036	2.284.883	(631.847)

1.1.-31.12. 2013

Tekjuskattseign/-skuld í ársbyrjun	3.467.267	0	3.467.267
Reiknaður tekjuskattur ársins	(7.571.959)	0	(7.571.959)
Tekjuskattsáhrif af breyttu skatthlutfalli vegna uppskiptingar	7.934.264	0	7.934.264
Tekjuskattsáhrif af endurmati	(2.183.524)	0	(2.183.524)
Tekjuskattseign/-skuld í árslok	1.646.049	0	1.646.050

Tekjuskattseign og tekjuskattsskuldbinding greinist þannig á einstaka liði efnahagsreikningsins:

	30.9. 2014		31.12. 2013	
	Skatteign	Skattskuld	Skatteign	Skattskuld
Varanlegir rekstrarfjármunir	(888.539)	7.864.604	(8.896.046)	0
Aðrir liðir	(1.636.003)	(84.228)	(1.571.208)	0
Áhrif af yfirfæranlegu skattalegu tapi	4.177.578	(5.495.493)	12.113.303	0
Tekjuskattseign/-skuld í lok tímabilsins	1.653.036	2.284.883	1.646.049	0

12. Viðskiptakröfur og fyrirframinnheimtar tekjur

Staða viðskiptakrafna og fyrirframinnheimtra tekna breytist talsvert milli tímabila þar sem sala í smásölu er innheimt með jöfnum greiðslum en raun notkun sveiflast talsvert á milli tímabila. Einnig eru vatns- og fráveitugjöld reikningsfærð á fyrstu níu mánuðum ársins en þeim tekjum er dreift jafnt á allt árið. Skráning tekna fer eftir notkun og afhendingu þjónustunnar í samræmi við reikningskilareglur.

Skýringar

13. Handbært fé og bundnar innstæður

Sundurliðun handbærs fjár og bundinna innstæða:	30.9.2014	31.12.2013
Bankainnstæður, bundnar í þrjá til tólf mánuði	5.000.144	0
Handbært fé, laust innan þriggja mánaða	11.605.026	8.993.410
	<u>16.605.170</u>	<u>8.993.410</u>

14. Eigið fé

Eiginfjárlutfall samstæðunnar í lok tímabilsins er 31,1% (31.12.2013: 28,6%). Ávöxtun eiginfjár var jákvæð um 13,0% á tímabilinu 1. janúar til 30. september 2014 (1.1. - 30.9 2013: jákvæð um 13,6%).

Endurmatsreikningur varanlegra rekstrarfjármuna

Endurmatsreikningur fyrirtækisins samanstendur af endurmatshækkunum rekstrarfjármuna að teknu tilliti til tekjuskatts. Afskriftir af endurmetna verðinu eru færðar í rekstrarreikning og millifærðar á sama tíma af endurmatsreikningi á óráðstafað eigið fé.

Gangvirðisreikningur

Gangvirðisreikningur samanstendur af hækkunum á mati á fjáreignum til sölu að teknu tilliti til tekjuskatts.

Þýðingarmunur

Á þýðingarmun er færður allur gengismunur sem verður til vegna umreiknings reikningsskila félaga innan samstæðunnar sem hafa annan starfrækslugjaldmiðil en íslenska krónu og er aðskiljanlegur hluti af rekstri samstæðunnar.

Skýringar

15. Vaxtaberandi skuldir

Vaxtaberandi skuldir samstæðunnar eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði og greinast með eftirfarandi hætti. Frekari upplýsingar um vaxtaáhættu og gjaldeyrisáhættu eru veittar í skýringu 18.

Langtímaskuldir	30.9. 2014	31.12. 2013
Skuldir við lánastofnanir	152.127.142	157.253.461
Víkjandi lán frá eigendum	13.510.634	13.306.266
Skuldabréfaútgáfa	21.695.782	22.614.727
	187.333.558	193.174.454
Næsta árs afborganir langtímaskulda	(15.806.013)	(17.854.524)
	171.527.545	175.319.930
Skammtímaskuldir		
Næsta árs afborganir langtímaskulda	15.806.013	17.854.524
Skammtímalán	606.263	1.765.000
	16.412.276	19.619.524
Vaxtaberandi skuldir samtals	187.939.821	194.939.454

Skilmálar vaxtaberandi skulda

Skuldir í erlendum gjaldmiðlum:

	Lokagjalddagi	30.9. 2014		31.12. 2013	
		Meðalvextir í lok tímabils	Eftirstöðvar	Meðalvextir í árslok	Eftirstöðvar
Skuldir í CHF	5.10.2027	0,08%	17.583.678	0,37%	21.201.702
Skuldir í EUR	6.12.2032	0,97%	59.206.135	1,04%	64.419.375
Skuldir í USD	8.11.2030	1,47%	45.208.217	1,83%	44.580.565
Skuldir í JPY	5.10.2027	0,19%	9.176.908	0,35%	10.657.589
Skuldir í GBP	26.2.2024	1,67%	4.644.207	1,55%	4.573.439
Skuldir í SEK	5.10.2027	0,71%	6.450.851	1,26%	7.343.913
			142.269.995		152.776.583
Skuldir í íslenskum krónum:					
Verðtryggðar	10.1.2037	4,02%	43.763.563	4,67%	40.397.871
Óverðtryggðar	5.12.2018	6,85%	1.906.263	7,53%	1.765.000
			45.669.826		42.162.871
Vaxtaberandi skuldir samtals			187.939.821		194.939.454

Skýringar

15. Vaxtaberandi skuldir frh.

Afborganir langtímalána greinast þannig næstu tímabil:	30.9. 2014	31.12. 2013
1.10. 2014 til 30.9. 2015 / 1.1. til 31.12 2014.....	15.806.013	17.854.524
1.10. 2015 til 30.9. 2016 / 1.1. til 31.12 2015.....	18.833.700	17.920.187
1.10. 2016 til 30.9. 2017 / 1.1. til 31.12 2016.....	18.932.546	18.474.237
1.10. 2017 til 30.9. 2018 / 1.1. til 31.12 2017.....	14.478.774	14.298.158
1.10. 2018 til 30.9. 2019 / 1.1. til 31.12 2018.....	14.927.791	14.161.483
Síðar	104.354.733	110.465.865
Langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborgun	187.333.558	193.174.454

Ábyrgðir og veðsetningar

Eigendur móðurfyrirtækisins eru í hlutfallslegri ábyrgð fyrir öllum skuldum og skuldbindingum móðurfyrirtækis. Samstæðan hefur ekki veðsett eignir sínar til tryggingar á skuldum.

Fjárhagsskilyrði lánasamninga

Lán að fjárhæð 22.094 milljónir kr. (31.12.2013: 18.138 milljónir kr.) eru með tilteknum fjárhagsskilyrðum sem snúa að hlutföllum á endurgreiðslutíma lána miðað við EBITDA og vexti sem hlutfall af EBITDA. Einnig er horft til þess að markmið áætlana séu innan ákveðinna vikmarka. Stjórnendur fara reglulega yfir fjárhagsskilyrðin og er mat stjórnenda að ekki sé hætt á að þau falli.

16. Áhættustýring og fjármálagerningar

Yfirlit

Stefna stjórnar er að í allri starfsemi fyrirtækisins sé gætt að áhættu og með því stuðlað að ábyrgum og skilvirkum ákvörðunum sem og stjórnunarháttum og til sé áhættustefna. Áhættustefnan lýsir heildarsýn og meginmarkmiðum stjórnar að þessu leyti. Hún skilgreinir jafnframt megingrundir áhættu, mælikvarða við mat á þeim ásamt helstu aðferðum, markmiðum og mörkum við daglega áhættustýringu fyrirtækisins. Grunnstoð áhættustefnunnar er að kortleggja þá áhættuþætti sem skipta máli í þessu samhengi, mæla áhrif þeirra og skilgreina ásættanleg mörk við stýringu þeirra.

Ákvörðunartaka og eftirlit með framkvæmd áhættustefnunnar er hjá áhætturáði. Meðal annars er fylgst með:

- að viðhlítandi aðferðir séu notaðar til auðkenningar og mælingar áhættu
- að eftirlitskerfi með áhættu séu til staðar og séu skilvirk
- að áhættustefnu stjórnar sé fylgt í rekstri Orkuveitu Reykjavíkur

Fjár- og áhættustýring Fjármála fer með umsjón og framkvæmd áhættustýringar. Markmið Fjár- og áhættustýringar er að fylgjast með, greina og stýra fjárhagslegri áhættu fyrirtækisins.

Fjárhagsleg áhætta greinist í:

- Markaðsáhættu, sem fjallað er um í skýringu 17
- Lausafjáraáhættu, sem fjallað er um í skýringu 18
- Mótaðilaáhættu, sem fjallað er um í skýringu 19

Skýringar

17. Markaðsáhætta

Markaðsáhætta er hættan á því að breytingar á markaðsverði erlendra gjaldmiðla, álverðs og vaxta hafi áhrif á afkomu samstæðunnar. Miðað við núverandi efnahagsreikning er markaðsáhætta Orkuveitu Reykjavíkur einkum rakin til breytinga á vöxtum, gjaldmiðlum, verðbólgu og álverðs en áhætta vegna markaðsverðbréfa, s.s. hluta- og skuldabréfa er minni. Áhættan sem vegur mest hjá samstæðunni er því þrens konar:

- Gjaldeyrisáhættu vegna skulda í efnahagsreikningi og sjóðstreymis í erlendri mynt
- Vaxtaáhættu vegna lána og samninga fyrirtækisins
- Álverðsáhættu vegna álverðstengdra raforkusamninga

a. Gjaldeyrisáhætta

Gjaldeyrisáhætta er hættan á því að breytingar á gengi gjaldmiðla hafi neikvæð áhrif á afkomu fyrirtækisins. Gjaldeyrisáhætta hlýst af greiðslufæði, eignum og skuldum í hverri mynt þar sem tillit er tekið til allra eigna og skulda, framvirkra samninga og annarra afleiða. Fjár- og áhættustýringu er heimilt að nota framvirkra samninga og gjaldmiðlaskiptasamninga til að draga úr áhættu fyrirtækisins vegna gengishreyfinga.

Samstæðan býr við gengisáhættu vegna sölusamninga, innkaupa og langtímalána í öðrum gjaldmiðlum en íslenskum krónum (ISK). Þeir gjaldmiðlar sem einkum skapa gengisáhættu eru evra (EUR), svissneskir frankar (CHF), japanskt jen (JPY), bandarískur dollar (USD) og sænskar krónur (SEK).

Gengi helstu gjaldmiðla var eftirfarandi á tímabilinu:

	1.1.-30.9. 2014	Árið 2013	30.9. 2014	31.12. 2013
	Meðalgengi		Uppgjörsgengi	
CHF	127,447	131,907	126,570	129,190
EUR	155,234	162,381	152,700	158,500
USD	114,613	122,231	121,240	115,030
JPY	1,113	1,256	1,106	1,096
GBP	191,248	191,225	196,270	190,210
SEK	17,181	18,7756	16,692	17,950
CAD	104,803	118,715	108,510	108,070
Þróng viðskiptavog SÍ	206,992	218,955	207,578	210,108

Skýringar

17. Markaðsáhætta, frh.

a. Gjaldeyrissáhætta, frh.

Gjaldeyrissáhætta í efnahag

Gjaldeyrissáhætta samstæðunnar miðað við nafnverðsfjárhæðir er eftirfarandi:

30.9. 2014	CHF	EUR	USD	JPY	GBP	SEK	Aðrar myntir	Samtals
Vaxtaberandi skuldir	(17.583.678)	(59.206.135)	(45.208.217)	(9.176.908)	(4.644.207)	(6.450.851)	0	(142.269.995)
Varanlegir rekstrarfjármunir			106.991.838					106.991.838
Viðskiptaskuldir			(237.650)		(2.120)		(1.218)	(240.988)
Viðskiptakröfur		23.279	584.077					607.355
Vörubirgðir			158.098					158.098
Handbært fé	753.480	3.295.123	1.843.714	451.984	72	330.969		6.675.342
Innbyggðar afleiður			584.266					584.266
Áhættuvarnarsamningar	(254.010)	18.059.344	(219.782)	(82.659)		(38.839)		17.464.055
Aðrar fjáreignir á gangvirdi gegnum rekstur			8.353.691					8.353.691
Áhætta í efnahagsreikningi	(17.084.208)	(37.828.389)	72.850.035	(8.807.582)	(4.646.255)	(6.158.721)	(1.218)	(1.676.338)
Áætluð sala 1.10 til 30.9. 2015			7.113.300					7.113.300
Áætluð kaup 1.10 til 30.9. 2015		(389.795)	(1.005)		(22.479)	(714)		(413.994)
Áhætta utan efnahagsreiknings	0	(389.795)	7.112.295	0	(22.479)	(714)	0	6.699.306
Nettó áhætta	(17.084.208)	(38.218.184)	79.962.330	(8.807.582)	(4.668.734)	(6.159.435)	(1.218)	5.022.968

Við uppskiptingu samstæðunnar 1. janúar 2014 varð til félagið Orka náttúrunnar og er starfrækslugjaldmiðill þess félags bandarískir dollarar (USD). Þessi breyting hefur þau áhrif að sumar eignir og skuldir þess félags, sem áður voru skilgreindar í íslenskum krónum, eru nú skilgreindar í USD. Þetta hefur þau áhrif að gjaldeyrissáhætta samstæðunnar í efnahag minnkar umtalsvert.

Skýringar

17. Markaðsáhætta, frh.

a. Gjalderyrisáhætta, frh.

Gjalderyrisáhætta í efnahag, frh.

31.12. 2013	CHF	EUR	USD	JPY	GBP	SEK	Aðrar myntir	Samtals
Vaxtaberandi skuldir	(21.201.702)	(64.419.375)	(44.580.565)	(10.657.589)	(4.573.439)	(7.343.913)	0	(152.776.583)
Viðskiptaskuldir		(39.028)	(254.558)				(64)	(293.650)
Viðskiptakröfur			526.950					526.950
Handbært fé	393.442	2.996.807	438.207	280.217	40.738	34.301	36	4.183.748
Innbyggðar afleiður			417.740					417.740
Áhættuvarnarsamningar	(53.233)	18.857.773	439.925	(78.818)	(11.505)	(9.640)		19.144.502
Aðrar fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur			7.502.611					7.502.611
Áhætta í efnahagsreikningi	(20.861.494)	(42.603.823)	(35.509.691)	(10.456.189)	(4.544.206)	(7.319.252)	(28)	(121.294.683)
Áætluð sala 2014	0	0	6.252.705	0	0	0	0	6.252.705
Áætluð kaup 2014	0	(431.843)	(222.910)	(85.543)	0	0	0	(740.296)
Áhætta utan efnahagsreiknings	0	(431.843)	6.029.795	(85.543)	0	0	0	5.512.409
Nettó áhætta	(20.861.494)	(43.035.666)	(29.479.896)	(10.541.733)	(4.544.206)	(7.319.252)	(28)	(115.782.274)

Næmigreining

Styrking íslensku krónunnar um 10% í lok tímabilsins gagnvart eftirfarandi gjaldmiðlum í efnahagsreikningi myndi hækka (lækka) eigið fé og afkomu eins árs um eftirfarandi fjárhæðir að teknu tilliti til skattáhrifa.

Hagnaður eða (tap)

	CHF	EUR	USD	JPY	GBP	SEK	DKK	Samtals
1.1.-30.9. 2014	1.093.389	2.421.017	(4.662.402)	563.685	297.360	394.158	78	107.286
1.1.-31.12. 2013	1.335.136	2.726.645	2.272.620	669.196	290.829	468.432	2	7.762.860

Greiningin byggir á því að allar aðrar breytur, sérstaklega vextir, haldist stöðugar. Greiningin var unnin með sama hætti fyrir árið 2013. Veiking íslensku krónunnar um 10% gagnvart framangreindum gjaldmiðlum hefði sömu áhrif en í gagnstæða átt, að því gefnu að allar aðrar breytur hefðu haldist stöðugar.

Skýringar

17. Markaðsáhætta, frh.

b. Vaxtaáhætta

Vaxtaáhætta, er áhættan á því að breytingar í vöxtum hafi neikvæð áhrif á afkomu fyrirtækisins. Orkuveitan býr við vaxtaáhættu vegna vaxtaberandi eigna og skulda og fjármálagerninga á gangvirði. Skuldir félagsins bera bæði fasta og breytilega vexti og er meirihluti þeirra með breytilegum vöxtum. Fjár- og áhættustýring fylgist sérstaklega með að vaxtaáhætta sé innan skilgreindra marka og nýtir heimildir til að stýra vaxtaáhættu með afleiðusamningum. Á uppgjörstegi voru 82% af vaxtaberandi skuldum, að teknu tilliti til afleiðusamninga, með fasta vexti að lágmarki eitt ár fram í tímann.

Vaxtaberandi fjáreignir og fjárskuldir samstæðunnar greinast þannig:

Fjármálagerningar með fasta vexti	30.9. 2014	31.12. 2013
Fjáreignir	0	579
Fjárskuldir	(44.194.199)	(44.026.345)
	<u>(44.194.199)</u>	<u>(44.025.766)</u>
Fjármálagerningar með breytilega vexti		
Fjárskuldir	(143.745.623)	(150.913.110)
	<u>(143.745.623)</u>	<u>(150.913.110)</u>
Fjármálagerningar á gangvirði		
Skuldabréf	8.353.691	7.502.611
Áhættuvarnarsamningar	(2.046.589)	(112.441)
	<u>6.307.102</u>	<u>7.390.170</u>

Í eftirfarandi töflu er að finna reiknuð áhrif af breytingum vaxta á sjóðstreymi til eins árs og fjármálagerninga færða á gangvirði að teknu tilliti til tekjuskatts. Greiningin var unnin með sama hætti árið 2013.

Næmigreining vaxta

	Næmi sjóðstreymis		Næmi gangvirðis	
	100 punkta hækkun	100 punkta lækkun	100 punkta hækkun	100 punkta lækkun
30.9. 2014				
Innbyggðar afleiður	0	0 (107.524)	124.944
Aðrar fjáreignir	0	0 (105.979)	109.182
Áhættuvarnarsamningar	281.375 (281.375)	1.665.338 (1.745.181)
Vaxtaberandi skuldir	(487.559)	487.559	0	0
	<u>(206.184)</u>	<u>206.184</u>	<u>1.451.835</u>	<u>(1.511.056)</u>
31.12. 2013				
Innbyggðar afleiður	0	0 (116.682)	134.238
Aðrar fjáreignir	0	0 (127.896)	132.677
Áhættuvarnarsamningar	477.658 (477.658)	2.055.498 (2.148.257)
Vaxtaberandi skuldir	(508.768)	508.768	0	0
	<u>(31.110)</u>	<u>31.110</u>	<u>1.810.920</u>	<u>(1.881.342)</u>

Skýringar

17. Markaðsáhætta, frh.

c. Álverðsáhætta

Álverðsáhætta er áhætta á því að breyting á álverði hafi neikvæð áhrif á afkomu fyrirtækisins.

Gerðir hafa verið fjórir raforkusölusamningar, upphaflega til 20 ára, einn við Landsvirkjun vegna Norðurláls og þrjár við Norðurlál vegna álversins á Grundartanga, sem og samningar við Landsnet hf. um flutning á rafmagni. Orkuveitan og Norðurlál hafa einnig gert með sér raforkusölusamning vegna raforkusölu til fyrirhugaðs álvers í Helguvík og hefur afhending samkvæmt þeim samningi hafist, en samningurinn er til 25 ára. Raforkusölusamningar þessir eru gerðir í dollurum og er verð á rafmagni tengt heimsmarkaðsverði á áli. Tekjur af raforkusölusamningum sem tengdir eru álverði námu 14,9% af heildartekjum samstæðunnar á tímabilinu 1. janúar til 30. september 2014 (2013: 18,3%).

Til að draga úr álverðsáhættu hefur Orkuveita Reykjavíkur gert afleiðusamninga til að draga úr sveiflum álverðstengdra tekna. Fjár- og áhættustýring hefur heimild til að verja álverðsáhættu allt að 5 ár. Á uppgjörssdegi námu varnir 60% af áætlaðri álverðstengdri sölu til 30.6.2015 (31.12.2013: 44,0%).

Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum

Raforkusölusamningar tengdir álverði fela í sér innbyggðar afleiður, þar sem tekjur af þeim eru háðar breytingum á heimsmarkaðsverði á áli í framtíðinni. Í samræmi við ákvæði alþjóðlegra reikningsskilastaðla um fjármálagerninga hefur gangvirði innbyggðra afleiða vegna Grundartanga og að hluta til vegna Helguvíkur verið metið og fært í reikningsskilin.

Þar sem markaðsverð á innbyggðum afleiðum liggur ekki fyrir hefur verið lagt mat á gangvirði þeirra með viðurkenndum matsaðferðum. Ákvarðað hefur verið vænt núvirt greiðslufæði samninga á uppgjörssdegi, miðað við framvirkt verð á áli á LME (London Metal Exchange) á uppgjörssdegi og væntinga um verðþróun á áli til næstu 25 ára. Byggt er á mati CRU, óháðs matsaðila, eins og það liggur fyrir á uppgjörssdegi. Frá núvirtu greiðslufæði á uppgjörssdegi hefur verið dregið vænt núvirt greiðslufæði samninga á uppgjörssdegi miðað við forsendur um álverð sem lágu til grundvallar á upphafsdegi samninga. Mismunurinn er gangvirði afleiðunnar. Gengið er út frá því að afleiðan hafi ekkert virði á upphafsdegi samnings.

Innbyggðar afleiður orkusölusamninga sem færðir eru í árshlutareikninginn eru færðar til eignar í efnahagsreikningi á gangvirði á uppgjörssdegi og gangvirðisbreyting ársins er færð í rekstrarreikning meðal tekna og gjalda af fjáreignum og fjárskuldum.

Meðal innbyggðra afleiða raforkusölusamninga er samningur við Norðurlál Helguvík ehf. (NH) að fjárhæð 0,2 milljarður kr. (31.12.2013: 0,1 milljarður kr.). Framkvæmdir vegna álvers í Helguvík hafa tafist verulega og er ákveðin óvissa um frekara framhald þess verkefnis. Áætlað var að afhenda orku til álversins frá 1. september 2011 og hófst þá greiðsluskylda NH. NH hefur nýtt sér ákvæði samnings um að nota orkuna í álverinu á Grundartanga. Mótaðilaáhættu í þessum samningi meta stjórnendur töluverða og endurspeglast það í virði afleiðunnar. Ef samningi verður rift eða samið á öðrum forsendum þá leiðir það til gjaldfærslu á bókfærðu virði innbyggðu afleiðunnar.

Skýringar

17. Markaðsáhætta, frh.

c. Álverðsáhætta, frh.

Í eftirfarandi töflu er að finna reiknuð áhrif af breytingum álverðs á fjármálagerninga færða á gangvirði að teknu tilliti til tekjuskatts.

Næmnigreining álverðs

30.9. 2014	Næmni gangvirðis	
	10% lækkun	10% hækkun
Innbyggðar afleiður	(4.862.769)	4.862.769
Álvarnir	489.998	(489.998)
Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur	(279.691)	279.691
Samtals	(4.652.462)	4.652.462

31.12. 2013	Næmni gangvirðis	
	10% lækkun	10% hækkun
Innbyggðar afleiður	(4.587.241)	4.587.241
Álvarnir	174.885	(174.885)
Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur	(252.702)	252.702
Samtals	(4.665.058)	4.665.058

d. Önnur markaðsáhætta

Önnur markaðsáhætta, s.s. vaxtaálagsáhætta og hlutabréfaáhætta er takmörkuð, þar sem fjárfestingar í skuldabréfum og eignarhlutum er óverulegur hluti af starfsemi samstæðunnar.

18. Lausafjánhætta

Lausafjánhætta er hættan á því að samstæðan geti ekki staðið við fjárskuldbindingar sínar eftir því sem þær gjaldfalla. Markmið samstæðunnar er að stýra lausafé þannig að tryggt sé að það hafi alltaf nægt laust fé til að mæta skuldbindingum sínum eftir því sem þær gjaldfalla.

Orkuveitan átti í lok tímabilsins 11,6 milljarða kr. handbært fé ásamt því að eiga innstæður sem eru bundnar til skemmri tíma en eins árs, 5,0 milljarða kr. Á sama tíma átti Orkuveitan einnig ónýttar lánsheimildir og opnar lánalínur að fjárhæð 8,8 milljarða kr. Samtals átti Orkuveitan þannig 25,4 milljarða kr. tryggt lausafé í lok tímabilsins. Samsvarandi fjárhæð í lok árs 2013 nam 18,4 milljörðum kr.

Skýringar

18. Lausafjánhætta frh.

Samningsbundnar greiðslur vegna fjárskulda, þar með taldar væntanlegar vaxtagreiðslur, greinast þannig:

30.9. 2014

Fjármálagerningar sem ekki eru afleiður

	Bókfært verð	Samnings- bundið sjóðsflæði	Innan árs	Eftir 1-2 ár	Eftir 2-5 ár	Eftir meira en 5 ár
Vaxtaberandi						
skuldir	187.939.821	(216.795.832)	(18.339.024)	(21.569.165)	(56.560.193)	(120.327.449)
Viðskiptaskuldir ...	1.385.388	(1.385.388)	(1.385.388)	0	0	0
Aðrar skuldir	3.621.737	(3.621.737)	(3.621.737)	0	0	0

Fjármálagerningar sem eru afleiður, nettó fjáreignir og fjárskuldir

Áhættuvarnar- samningar	(2.046.589)	(3.402.980)	(1.572.986)	(1.075.572)	(754.422)	0
	<u>190.900.357</u>	<u>(225.205.937)</u>	<u>(24.919.135)</u>	<u>(22.644.738)</u>	<u>(57.314.615)</u>	<u>(120.327.449)</u>

31.12. 2013

Fjármálagerningar sem ekki eru afleiður

Vaxtaberandi						
skuldir	194.939.455	(219.728.601)	(22.670.612)	(20.702.238)	(54.330.444)	(122.025.307)
Viðskiptaskuldir ...	1.988.525	(1.988.525)	(1.988.525)	0	0	0
Aðrar skuldir	2.697.502	(2.697.502)	(2.697.502)	0	0	0

Fjármálagerningar sem eru afleiður, nettó fjáreignir og fjárskuldir

Áhættuvarnar- samningar	1.471.718	(1.653.811)	(1.318.783)	(987.468)	652.440	0
	<u>201.097.200</u>	<u>(226.068.440)</u>	<u>(28.675.422)</u>	<u>(21.689.706)</u>	<u>(53.678.004)</u>	<u>(122.025.307)</u>

Komi til endurfjármögnunar langtímalána til lengingar lánstíma má gera ráð fyrir að dreifing afborgana verði önnur en að ofan greinir.

Skýringar

19. Mótaðilaáhætta

Mótaðilaáhætta er hættan á fjárhagslegu tapi samstæðunnar ef viðskiptamaður eða mótaðili í fjármálagerningi getur ekki staðið við umsamdar skuldbindingar sínar. Mótaðilaáhætta samstæðunnar er einkum vegna raforkusölusamninga til iðnaðar og afleiðusamninga sem eru gerðir í áhættuvarnarskyni. Einnig er til staðar mótaðilaáhætta vegna smásölu, en tap vegna vangoldinna krafna eru óverulegt og hefur takmörkuð áhrif á afkomu samstæðunnar.

Við gerð samninga er reynt að tryggja eftir fremsta megni að mótaðilinn sé traustur og uppgjör stærri mótaðila eru skoðuð reglulega sem og lánshæfismat þeirra.

Mesta mögulega tap samstæðunnar vegna fjáreigna er bókfært verð þeirra, sem greinist þannig:

	30.9. 2014	31.12. 2013
Viðskiptakröfur	4.283.688	5.579.218
Aðrar skammtímakröfur	795.332	257.795
Aðrar fjáreignir	8.353.691	7.502.804
Áhættuvarnarsamningar	707.315	1.359.277
Bundnar innstæður	5.000.144	0
Handbært fé	11.605.026	8.993.410
Samtals	<u>30.745.196</u>	<u>23.692.504</u>

Fjáreignir samkvæmt sundurliðun hér að ofan eru flokkaðar sem *Lán og kröfur* nema hluti *Annarra fjáreigna* og *Áhættuvarnarsamninga*. Flokkun þeirra má sjá í skýringu 21.

Mesta mögulega tap vegna viðskiptakrafna á reikningsskiladegi eftir viðskiptavinum:

Viðskiptakröfur, stórnotendur	711.420	1.786.124
Viðskiptakröfur, smásala	3.572.268	3.793.094
Samtals	<u>4.283.688</u>	<u>5.579.218</u>

Aldursgreining og niðurfærsla viðskiptakrafna

	30.9. 2014		31.12. 2013	
	Brúttó staða	Niðurfærsla	Brúttó staða	Niðurfærsla
Ógjaldfallnar kröfur	3.629.704	29.082	3.503.568	84.878
Gjaldfallnar kröfur, 1 til 30 dagar	302.351	12.079	803.634	25.869
Gjaldfallnar kröfur, 31 til 90 dagar	114.417	4.903	163.001	24.951
Gjaldfallnar kröfur, eldri en 91 dagar	456.216	172.936	1.326.415	81.702
Samtals	<u>4.502.688</u>	<u>219.000</u>	<u>5.796.618</u>	<u>217.400</u>

Niðurfærsla viðskiptakrafna er metin á hverjum uppgjörssdegi af stjórnendum. Lagt er mat á innheimtanleika krafna, bæði almennt út frá innheimtueynslu og sértækt vegna krafna sem komnar eru í talsverð vanskil. Ekki er talin þörf á niðurfærslu annarra skammtímakrafna.

Kröfur sem verða til vegna fráveitu og vatnsveitu eru með lögveð í fasteignum og því er ekki færð niðurfærsla vegna þeirra.

Þjónustusvið Orkuveitu Reykjavíkur sér um innheimtu viðskiptakrafna og sér að mestu um upplýsingagjöf til viðskiptavina vegna þeirra. Innheimta fer fram eftir vel skilgreindu ferli þar sem m.a. er gætt að samræmdu verklagi við úrlausn innheimtumála.

Skýringar

20. Gangvirði

Samanburður á gangvirði og bókfærðu verði

Bókfært verð fjáreigna og fjárskulda á uppgjörstigi er jafnt og gangvirði þeirra, fyrir utan vaxtaberandi skuldir sem eru færðar á afskrifuðu kostnaðarverði. Bókfært verð og gangvirði þeirra greinist með eftirfarandi hætti:

	30.9. 2014		31.12. 2013	
	Bókfært verð	Gangvirði	Bókfært verð	Gangvirði
Vaxtaberandi skuldir	(187.939.821)	(160.011.763)	(194.939.455)	(165.716.726)

Gangvirði vaxtaberandi skulda er reiknað núvirði höfuðstóls og vaxta, sem er afvaxtað með markaðsvöxtum, auk viðeigandi áhættuálags á uppgjörstigi.

Vextir við mat á gangvirði

Þar sem við á er notaður vaxtaferill á uppgjörstigi þegar vænt sjóðstreymi er núvirt. Vextirnir greinast þannig:

	30.9. 2014	31.12. 2013
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum	3,135% til 12,04%	2,22% til 12,91%
Fjáreignir á gangvirði gegnum rekstur	6,58% til 7,28%	6,85% til 7,21%
Vaxtaberandi skuldir	3,28% til 8,60%	2,59% til 9,44%

Stig gangvirðis

Taflan sýnir fjármálagerninga sem færðir eru í reikningsskilin, flokkaða eftir stigi gangvirðis. Stig gangvirðis eru skilgreind út frá verðmatsaðferð á eftirfarandi hátt:

Stig 1: Uppgefin verð á virkum markaði fyrir sams konar eignir og skuldir.

Stig 2: Forsendur byggja á öðrum breytum en uppgefnum verðum á virkum markaði (stig 1) sem unnt er að afla fyrir eignir og skuldir, beint (t.d. verð) eða óbeint (afleiðd af verðum).

Stig 3: Forsendur gangvirðis eigna og skulda eru byggðar á gögnum sem ekki er unnt að öllu leiti að afla á markaði.

30.9. 2014	Stig 2	Stig 3	Samtals
Eignarhlutir í félögum	0	2.235.303	2.235.303
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum	0	584.266	584.266
Aðrar fjáreignir	707.315	8.353.691	9.061.006
Aðrar fjárskuldir	(2.753.904)	0	(2.753.904)
	(2.046.589)	11.173.260	9.126.670

31.12. 2013

Eignarhlutir í félögum	0	3.734.550	3.734.550
Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum	0	417.740	417.740
Aðrar fjáreignir	1.359.277	7.502.804	8.862.081
Aðrar fjárskuldir	(1.471.718)	0	(1.471.718)
	(112.441)	11.655.094	11.542.653

Innbyggðar afleiður í raforkusölusamningum eru til lengri tíma en tíu ára og því flokkaðar undir 3. stig þar sem framtíðarmarkaður áls nær eingöngu yfir tíu ár.

Skýringar

20. Gangvirði, frh.

Mat á gangvirði

Hluti af fjáreignum og fjárskuldum samstæðunar eru metnar á gangvirði. Gangvirði þessara eigna og skulda er ákvarðað samkvæmt markaðsgögnum eða verðum í nýlegum viðskiptum liggja þessar upplýsingar fyrir. Annars er viðurkenndum verðmatsaðferðum beitt. Nánari upplýsingar um gangvirðisútreikninga má finna í umfjöllun um þessar eignir og skuldir.

21. Yfirlit um fjármálagerninga

Fjáreignir og fjárskuldir greinast í eftirfarandi flokka fjármálagerninga:

	30.9. 2014			31.12. 2013		
	Lán og kröfur	Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði í rekstur	Fjáreignir til sölu	Lán og kröfur	Fjáreignir og fjárskuldir á gangvirði í rekstur	Fjáreignir til sölu
Eignarhlutar í félögum			2.235.303			3.734.550
Innb. afleiður í raforkus.samn.		584.266			417.740	
Aðrar fjáreignir	0	9.061.006			8.862.081	
Viðskiptakröfur	4.283.688			5.579.218		
Aðrar sk.kr.	795.332			257.795		
Handbært fé	11.605.026			8.993.410		
Vaxtab. skuldir	(187.939.821)			(194.939.455)		
Aðrar fjárskuldir ...	(2.753.904)			(1.471.718)		
Viðskiptaskuldir ... (1.385.388)			(1.988.525)		
Fyrirfr.innh. tekjur . (1.833.724)			0		
Aðrar sk.skuld. (3.621.737)			(2.697.502)		
Samtals	(178.096.625)	6.891.368	2.235.303	(184.795.059)	7.808.103	3.734.550

22. Dótturfélög í samstæðunni

Dótturfyrirtæki	Meginstarfsemi	Eignarhluti	
		30.9. 2014	31.12. 2013
Gagnaveita Reykjavíkur ehf.	Gagnaflutningar	100,0%	100,0%
OR Eignir ohf.	Eignarhaldsfélag	100,0%	100,0%
OR Veitur ohf.	Dreifing rafmagns og hita	100,0%	100,0%
Orka náttúrunnar ohf.	Sala rafmagns	100,0%	100,0%
OR Vatns- og fráveita sf.	Vatns- og fráveitustarfsemi	100,0%	100,0%
Reykjavík Energy Invest ehf.	Fjárfestingafyrirtæki	100,0%	100,0%
Úlfjótswatn frítímabyggð ehf.	Undirbúningsfyrirtæki	100,0%	100,0%

Helstu breytingar á samstæðunni

Í árslok 2013 voru stofnuð ný félög í samstæðu Orkuveitu Reykjavíkur vegna uppskiptingar fyrirtækisins sem átti sér stað 1. janúar 2014. Stofnuð voru félögin OR Veitur ohf., Orka náttúrunnar ohf., OR Vatns- og fráveita sf. og OR Eignir ohf. OR Eignir ohf. og OR Vatns- og fráveita sf. eru í eigu móðurfyrirtækis Orkuveitu Reykjavíkur en OR Veitur ohf. og Orka náttúrunnar ohf. eru í eigu OR Eigna. Umfjöllun um uppskiptingu Orkuveitunnar má finna í skýrslu stjórnar með árshlutareikningnum.

Skýringar

23. Önnur mál

Orkusölusamningur við Norðurál Helguvík ehf.

Verulegar tafir hafa orðið á afléttingu fyrirvara í orkusölusamningi við Norðurál Helguvík ehf. (NH) vegna annars og þriðja áfanga álversins í Helguvík. Því er áframhaldandi óvissa um hvort af byggingu álversins verði. Unnið hefur verið að endurskoðun samningsins við NH og er þeirri endurskoðun ekki lokið. Það er afstaða Orkuveitunnar að forsendur hluta samninganna við NH séu brostnar og um þetta er ágreiningur við NH.

Gjaldfallnir afleiðusamningar

Í kjölfar falls íslensku bankanna árið 2008 hefur velta á gjaldeyrismarkaði verið lítil og varla hægt að segja að gjaldeyrismarkaðurinn sé virkur. Vegna fallsins voru gjaldeyrisviðskipti takmörkuð af hálfu Seðlabanka Íslands og í lok nóvember 2008 setti Alþingi viðauka í lög nr. 87/1992 um gjaldeyrismál, en með viðaukanum voru sett á gjaldeyrishöft.

Meðal annarra skammtímaskulda eru færðir gjaldfallnir afleiðusamningar. Samningarnir hafa ekki verið gerðir upp en Orkuveitunni hefur nýlega verið stefnt vegna þeirra. Mikil óvissa ríkir, bæði hjá Orkuveitunni og slitastjórnnum bankana, um hvernig meðhöndla eigi uppgjör þeirra. Á fyrri tímabilum hafa verið skuldfærðar 740 milljónir kr. vegna þessara samninga í bókum Orkuveitunnar. Með skuldfærslunni felst ekki viðurkenning á skuldinni af hálfu Orkuveitu Reykjavíkur og getur fjárhæðin hækkað eða lækkað þegar samningarnir verða gerðir upp. Samningarnir eru flokkaðir með öðrum skammtímaskuldum.